



Fundargerð aðalfundar Vistbyggðarráðs 2018

26. apríl, í Veröld, húsi Vigdísar klukkan 17:30-18:30.

1. Kosning fundarstjóra og ritara.

Gyða Mjöll Ingólfssdóttir var kjörin fundarstjóri og Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir var kjörin ritari fundarins.

2. Skýrsla stjórnar v/Elínu Vignisdóttur, stjórnarformanns

Elín Vignisdóttir, fráfarandi stjórnarformaður Vistbyggðarráðs fór yfir ársskýrslu Vistbyggðarráðs 2017. Elín kynnti þá ákvörðun stjórnar að sækja um formlega aðild að World Green Building Council. Einnig fór Elín yfir að á starfsárinu var aðsetur Vistbyggðarráðs flutt frá Verkís í Ofanaleiti 2 til Skiplulagsstofnunnar í Borgartúni 7b og að starfshlutfall framkvæmdastjóra hafi verið um 35% árið 2017. Elín nefndi helstu viðburðina á árinu, þá sérstaklega málþing um loftslagsmál og sjálfbærni í byggingariðnaði sem var haldinn í febrúar, þar sem aðalfyrirlesari var Martin Haas, varaformaður þýska vistbyggðarráðsins. Elín fór yfir að fræðslubæklingar um Híbýli og Heilsu og Efnisgæði hafi verið kláraðir á árinu og gefnir út rafrænt á heimasíðunni. Elín nefndi líka að Vistbyggðarráð hefði tekið þátt í European Network meeting í Helsinki í júní, sem var afar áhugavert og styrkti alþjóðlegt tengslanet Vistbyggðarráðs. Einnig að starfræktir hafi verið faghópar um BREEAM vottunarkerfið sem sótti um styrk til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins í verkefnið „Umhverfisvæn bygging í íslensku samhengi“ og um aðgerðir í loftslagsmálum, sem svo skilaði tillögum til þáverandi umhverfisráðherra, Bjartar Ólafsdóttur. Stjórnarformaður var ánægð með störf Vistbyggðarráðs á árinu. Ársskýrslan var svo samþykkt af fundarmönnum.


3. Ársreikningur 2017 v/ Kristjönu Ósk Jónsdóttir, gjaldkera

Kristjana Ósk Jónsdóttir, gjaldkeri, fór yfir ársreikninginn sem var svo samþykktur af fundarmönnum. Engar athugasemdir voru við ársreikninginn, nema kostnaður við bókhaldspjónustu sé hár. Skýring á hagnaði var að mestu starfshlutfall framkvæmdastjóra sem var að hluta til í námsleyfi árið 2017.

4. Starfsáætlun 2018, v/Þórhildur Fjólu Kristjánsdóttur

Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri fór stuttlega yfir starfsáætlun fyrir 2018, sem hefur að mestu falist í að vinna í stefnumótun, að umsókn í WGBC og að skipuleggja Vistbyggðardaginn 26. apríl. Þórhildur fór yfir að það á eftir að skipuleggja nánar starfsemi haustins í samstarfi við nýja stjórn. En verkefna vinna t.d. varðandi „Umhverfisvæn bygging í íslensku samhengi“ þarf að vinna vel og klára á árinu. Það verkefni er unnið í samstarfi við verkfræðistofur of arkitekta í aðildafyrirtækjum VBR.

5. Framtíðarsýn/Stefna/Nafnabreyting v/Kristjönu Ósk Kristjana kynnti nafnabreytingar og fyrstu áherslur í stefnumótunarvinnu stjórnar og aðila. Þar sem stjórnin leggur til að breyta nafninu úr Vistbyggðarráði í Grænni byggð. Það kom svo upp sú staða að, nafnabreytingin er lagabreyting, og lagabreytingatillöguna átti að senda út tveimur dögum fyrir aðalfundinn. Það hafði ekki verið gert. Það var því ákveðið að haldinn yrði auka-aðalfundur þar sem rétt væri staðið að breytingu á lagagrein 1. Heiti og aðsetur Vistbyggðarráðs. Samkvæmt lögum hefur stjórnin og framkvæmdastjóri vald til þess að óska eftir nýjum aðalfundi samtakanna.



Kristjana kynnti einnig að í nýrri stefnumótun er áætlað að sækja um aðild að World Green Building Council og nýta Green Building Council Iceland nafnið markvissara í markaðsetningu. Kristjana fór einnig fyrir þær áherslur fyrir starfsemi Vistbyggðarráðs sem að allir eru sammála um, og það er að helsta hlutverk Vistbyggðarráðs er að fræða um grænar lausnir, en einnig að tengja saman aðila og hvetja til aukins metnaðar í umhverfismálum. Fræða, hvetja og tengja eru lykilorðin, en síðan þarf að móta betur nákvæmari áherslur og markmið Vistbyggðarráðs fyrir lengri og skemmri tímabil í samstarfi við nýja stjórn.

6. Lagabreytingartillaga

Framkvæmdastjóri lagði fram lagabreytingatillögu um 10% hækkun á aðildagjöldum í takt við almennar hækkunir í markaðnum. Tillagan var samþykkt á aðalfundinum. Það skapaðist þó nokkur umræða um aðildagjöldin. Þeir sem eru núna að borga í 1. flokk, það er 605.000 kr, nefndu að þetta eru hæðstu aðildagjöldin að nokkru félagi, það þarf því að passa að fæla ekki mögulega aðila frá. Það kom tillaga að vera t.d. með gull, silfur og brons varðandi aðild að Vistbyggðarráði, þá eftir því í hvaða flokki þú ert. Það var einnig rætt um að sjá hvernig Festa reiknar út sýn aðildagjöld í takt við starfsmannafjölda. Framkvæmdastjóri skýrði frá því að það væri í raun nauðsynlegt að endurskoða vel aðildagjöldin og flokkana um aðild fyrir næsta aðalfund.

Eftir hækkunina verða aðildagjöldin fyrir starfsárið 2019:

- 1. flokkur 665.500 kr (6 atkvæði á aðalfundi)
- 2. flokkur 399.000 kr (4 atkvæði á aðalfundi)
- 3. flokkur 133.000 kr (2 atkvæði á aðalfundi)
- 4. flokkur óbreyttur, 25.000 kr (1 atkvæði á aðalfundi)

7. Kosning stjórnar sbr. 6. gr.

Það var kosið um fimm ný sæti í stjórn. Fráfarandi í stjórn voru:

- Elín Vignisdóttir, Verkís, Stjórnarformaður
- Eva Dís Þórðardóttir, EFLU
- Sigríður Magnúsdóttir, Teiknistofan Tröð
- Hrólfur Karl Cela, Basalt arkitektar
- Bergljót S. Einarsdóttir, Framkvæmdasýsla ríkisins

Fráfarandi stjórnarmönnum Vistbyggðarráðs var þakkað skemmtilegt og gott samstarf.

Það voru fimm framboð í stjórn og þau voru:

- Gyða Mjöll Ingólfssdóttir, EFLA
- Olga Árnadóttir, Framkvæmdasýslan
- Kristján Arinbjörnsson, ÍAV
- Bjarni Þór Þórólfsson, Búseta
- Ragnar Ómarsson, Verkís

Engin önnur framboð í stjórn komu fram á fundinum og voru allir í framboði kosnir í stjórnina. Allir nýjir stjórnarmeðlimir voru til staðar á fundinum nema Kristján Arinbjörnsson sem var erlendis.

8. Kosning skoðunarmanna sbr. 9.gr
Aldís Magnea Norðfjörð hjá Mannvirkjastofnun og Rúnar Gunnarsson hjá Reykjavíkurborg voru endur kjörin sem skoðunarmenn ársreiknings 2019.
9. Önnur mál. Engin önnur mál voru tekin á dagskrá.